



Fundargerð

- Efni :** 224. stjórnarfundur Lagnafélags Íslands.
- Fundarstaður:** Orkustofnun.
- Dagsetning:** 11. 09. 2012
- Tími:** 15:45
- Fundarmenn:** Guðni A Jóhannesson (GAJ), Kristján Ottósson (KO), Steinar Gíslason (STG), Grétar Leifsson (GL), Einar H Jónsson (EHJ), Benedikt Jónsson (BJ), Þór Gunnarsson (ÞG).
- Boðuð forföll:** Kristján Kristjánsson (KK).

Fyrir fundinum lá dagskrá í 12 liðum.

1. Setning fundarins, Guðni A Jóhannesson formaður.

GAJ setti fundinn kl. 16:05.

2. Fundargerð 223 frá 24. maí 2012.

Fundargerð 223 var borin upp og samþykkt án athugunarsemda.

3. Vinna að fundi um heitavatnið. Sveinn Áki, Heiðar Jónsson, Svavar T.Ó. og KO. Sjá fyrstu drög að dagskrá.

Vinna er í gangi. KO lagði fram drög að dagskrá og óskaði jafnframt eftir tillögum að framsögumönnum. Nefn voru nokkur nöfn sem komið verður til nefndsrinnar, það voru ágætar umræður um dagskrár drögin. STG spurði hvort ekki vantaði fulltrúa neytenda meðal framsögumanna. Talað var um að Herdís Storgaard gæti verið góður fulltrú neytenda.

4. Fagráðin komin í gang með vinnu.

Dreift var fundargerð Fagráðs loftræsikerfa, nr. 1 tímabilið 2012 – 2013. Þá upplýsti Grétar Leifsson Fagráði pípulagnakerfa hugmyndir þeirra um að taka fyrir eitt mál á mánuði ásamt því sem kæmi frá stjórn/framkvæmdastjóra LAFÍ. Um þetta voru síðan jákvæðar umræður fundarmanna.

5. Lagnakerfamiðstöð Íslands, staða og framhald. Fundur með Jóni B. Stefánssyni

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, Valdimar K. Jónsson, Kristjáni Ottóssyni ásamt Kjartani Reyni Ólafssyni lögfræðingi, funduðu með Jóni B. Stefánssyni skólameistara Tækniskólans.

Á fundinum hafði verið rætt um hversvegna Tækniskólinn væri ekki búinn að setja í gang kennslu í Lagnakerfamiðstöðinni, eins og stendur í samningnum, sem Lagnakerfamiðstöðin gerði við Tækniskólann.

Jón sýndi samrit af tölvupósti sem hann hafði sent til Orkustofnunar á GAJ þar sem óskað var eftir tilnefningu tveggja fulltrúa LAFÍ í Fagrað LKÍ.

Þessum tölvupósti til Orkustofnunar var ekki svarað (týnist tölvupóstur) og Jón ekki fengið viðbrögð við honum. Þessi tölvupóstur var ekki ítrekaður til Orkustofnunar.

Í lok þessa fundar lýsti KO því yfir að Lagnafélagið myndi svara þessum tölvupósti samdægurs í lok fundarins.

Skipaðir voru eftirtaldir þeir Svein Áka Sverrisson tæknifræðingur og Þórir Guðmundsson verkfræðingur í Fagrað LKÍ fyrir hönd LAFÍ.

6 Byggingarreglugerð, nefnd hefur tekið til starfa. Sjá fundargerð og fl.

Tekin er til starfa nefnd sem hefur það verkefni að koma fyrir í Byggingarreglugerð, hvernig á að standa að úttekt á lokafrágangi lagnakerfa. Í nefndinni eru Kristján Ottósson, Sveinn Áki Sverrisson, Sigurgeir Þórarinsson, Ragnar Kristinsson og Þórir Guðmundson. Á fundinum var dreift fundargerð fyrsta fundar nefndarinnar og fleiru.

7. Er ekki rétt að halda námskeið um Handbók lagnakerfa, og fund um "lokafrágang lagnakerfa" miðað við ný útkomna Byggingarreglugerð?

Ákveðið var að bíða eftir niðurstöðu nefndar varðandi lokafrágang lagnakerfa og taka þá upp málið aftur.

8. Lagnafréttir 40, varmadælur er komin út.

Bókin lítur vel út.

9. Námskeið fyrir eldri borgara, Félag eldri borgara í Reykjavík KO

KO sagði námskeiðið væri í vinnslu og verður haldið í október.

10. Fréttabréfið er í vinnslu.

KO upplýsti að Fréttabréfið væri komið í vinnslu.

11. Vantar greinar frá stjórnarmönnum.

KO óskaði eftir greinum frá stjórnarmönnum í Fréttabréfið.

12. Önnur mál.

Tillaga kom fram um að setja fundagerðir stjórnarfunda LAFÍ inn á heimasíðu félagsins. Var samþykkt að setja fundagerðirnar inn á heimasíðuna, þó ekki fyrr en stjórnarmenn hafi farið yfir þær.

KO upplýsti fundarmenn um að Guðmundur Halldórsson hefði haft orð á því við sig hvort þeir ættu ekki að skrifa sögu félagsins og þá ekki síst með "átaka-sögur" í huga. Lét KO síðan einar tvær "átakasögur" fylgja með. Þetta var ekki rætt nánar á þessum fundi.

Fleira var ekki rætt og sleit GAJ fundi kl. 17:30.

Steinar Gíslason ritari.